

Fylgiskjal.

Auglýsing frá [Umhverfisstofnun].

Að tillögu Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar hefur [Umhverfisstofnun ákveðið að friðlýsa svæðið, sem sýnt er á með fylgjandi korti, sem fólkvangur samkv. 26. gr. laga nr. 47/1971.

Takmörk svæðisins eru þessi:

Að innan við Stóralæk, sem fellur til sjávar rétt utan við Vita. Frá efstu drögum Stóralækjar beint upp í eggjar og þaðan eftir kaupstaðarmörkum út í Nípukoll og niður í sjó á Níputá (Flesjartanga). Hið neðra markast svæðið af sjó, en friðlýsingin taki til grynninga meðfram ströndinni út frá umræddum takmörkum.

Um hið friðlýsta svæði verða settar eftirfarandi reglur:

1 gr.

Fólkvangur Neskaupstaðar er friðland, þar sem eingöngu gangandi fólki er frjáls umferð, enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Óheimilt er að raska föstum bergmyndunum á svæðinu, og ætlast er til góðrar umgengni af vegfarendum í hvívetna.

2.gr.

Umferð vélknúinna ökutækja um fólkvanginn er stranglega bönnuð. Einnig er bönnuð meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.

3. gr.

Öll manvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil á svæðinu, en bætt verður úr spjöllum, sem þegar hafa verið unnin innan þess og þar um fylgt fyrirmælum Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar. Einnig er nefndinni heimilt að láta lagfæra gönguleiðir á svæðinu og gera aðrar ráðstafanir, er þurfa þykir, til að greiða götu vegfarenda.

4. gr.

Bannað er að beita búpeningi innan hins friðlýsta svæðis.

5. gr.

Eftirlit með fólkvanginum er í höndum Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar og þeirra aðila, sem hún kann að kveðja þar til.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 skal athugasemdum við þessa friðlýsingu komið á framfæri við [Umhverfisstofnun] eigi síðar en 8 vikum frá birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 11. apríl 1972

[Umhverfisstofnun],